



Álftanesi,
20. september 2019

TRÉ LÍFSINS

Akraneskaupstaður

b/t bæjarstjóra, Sævars F. Þráinssonar og bæjarstjórnar
Stíllholti 16-18
300 Akranesi

Akraneskaupstaður



| Skjal nr. | Mótt af. | Mótt dags. |
|-----------|------------|---------------|
| 16.1 | G30 | 25. SEP. 2019 |
| Ábm. | Úrv. aðili | Málsnr. One |
| SFP | SAS | 1909261 |

Erindi þessa bréfs er að kanna áhuga ykkar á Minningagörðum og afstöðu til þess að opna slíkan garð í ykkar sveitarfélagi.

Tré lífsins er frumkvöðlaverkefni í þróun og skiptist í þrjú hluta. Fyrsti hlutinn er skráning hinstu óska í persónulegan gagnagrunn, annar hlutinn er rafræn minningasíða og þriðji hlutinn bálstofa og Minningagarðar. Sá hluti sem snýr að handhöfum skipulagsvaldsins eru Minningagarðar. Í Minningagarðana verðuraska látinna einstaklinga gróðursett ásamt tré sem mun vaxa upp til minningar um hinn látna og vera merkt rafrænu minningasíðu þess sem undir því hvílir.




Duftiker við tré. Úr kynningarmyndbandi

Minningagarðarnir gætu verið á skógræktarsvæði sveitarfélaga en með tíð og tíma yxu þar upp fallegir skógarlundir sem gætu orðið staður fyrir útivist þar sem við minnumst ástvina okkar sem fallnir eru frá og heimsækjum tré þeirra.


Niðurstöður markaðskönnunar sem Tré lífsins framkvæmdi í ágúst s.l. leiddi í ljós að tæplega 60% svarenda töldu það mjög líklegt eða frekar líklegt að þau myndu velja gróðursetningu fyrir sína ösku í Minningagarði. Um 75% þátttakenda töldu það mjög líklegt eða frekar líklegt að þau myndu heimsækja tré ástvinar í Minningagarð. Rúmlega áttahundrað manns tóku þátt í könnuninni.

Afstaða til gróðursetningar ösku í Minningagarði



- Mjög líklegt
- Frekar líklegt
- Hvorki líklegt né ólíklegt
- Mjög ólíklegt
- Er ekki viss
- Frekar ólíklegt
- Kýs að svara ekki

Myndir þú heimsækja tré ástvarnar í Minningagarði



- Mjög líklegt
- Frekar líklegt
- Hvorki líklegt né ólíklegt
- Frekar ólíklegt
- Mjög ólíklegt
- Kýs að svara ekki

Minningagarðarnir stuðla að sjálfbærum samfélögum með kolefnisjöfnun auk þess sem önnur vistkerfisþjónusta trjáa er mjög mikilvæg. Minningagarðarnir falla að þremur af leiðarljósum Landsskipulagsstefnu um skipulag byggðar og landnotkun; sjálfbæra þróun, sveigjanleika og seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum og að skipulag byggðar og landnotkun stuðli að lífsgæðum fólks (Skipulagsstofnun, 2016).

Ítarlegri upplýsingar um verkefnið og kynningarmyndband má finna á heimasíðu verkefnisins www.trelifsins.is

Óski sveitarfélagið eftir nánari kynningu á Tré lífsins er sjálfsagt að verða við því.

Vinsamlegast sendið tölvupóst með afstöðu ykkar sveitarfélags á netfangið:

trelifsins@trelifsins.is fyrir 1. nóvember n.k.

Með fyrirfram þökk og góðri kveðju,

Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir

Stofnandi Trés lífsins